

**1996 nr. 162 31. desember**

**Lög um auknar ábyrgðir vegna norrænnar fjárfestingaráætlunar fyrir Eystrasaltsríkin 1996–1999 og nýs lánaflökks í Norræna fjárfestingarbankanum til umhverfismála í grannhéruðum Norðurlandanna**

Tóku gildi 2. janúar 1997.

■ **1. gr.**

□ Ríkisstjórninni er fyrir hönd ríkissjóðs heimilt að ábyrgjast hluta Íslands, að fjárhæð allt að 330.000 ECU, gagnvart Norræna fjárfestingarbankanum vegna fjárfestingarlána og fjárfestingarábyrgða í tengslum við norræna fjárfestingará-

ætlun fyrir Eystrasaltsríkin.

■ **2. gr.**

□ Ríkisstjórninni er fyrir hönd ríkissjóðs heimilt að ábyrgjast hluta Íslands, að fjárhæð allt að 1.100.000 ECU, gagnvart Norræna fjárfestingarbankanum vegna lána til umhverfismála í grannhéruðum Norðurlandanna.

■ **3. gr.**

□ Ríkisstjórninni er heimilt að ganga frá samningi við Norræna fjárfestingarbankann um ábyrgðir skv. 1. og 2. gr. Jafnframt er ríkisstjórninni heimilt að staðfesta breytingar á 6. gr. samþykka bankans með því að bæta við greinina c-lið um lán til umhverfismála í grannhéruðum Norðurlandanna.

■ **4. gr.**

□ Lög þessi öðlast þegar gildi.